

**Vinsamlega svarið þessum spurningum í skýrslunni:**

Þorgeir Ívarsson, landliðsþjálfari fullorðinna í áhaldafimleikum kvenna vinnur samkvæmt afreksstefnu FSÍ og viðmiðum ÍSÍ og Alþjóða fimleikasamböndunum sem við föllum undir UEG og World Gymnastics. Landsliðsþjálfari hefur yfirsjón með skipulagningu og faglegri framvindu áhalda fimleika kvenna

Landliðsþjálfari starfar með afreksstjóara áhaldafimleika, öðrum landliðsþjálfurum, öllum félagsþjálfurum sem eiga iðkendur í úrvalshóp kvk og alþjóðlegum dómurum.

Við val í úrvalshópa er horft til árangurs á fyrra keppnisári, heildar fjölda keppenda í greininni, og hvað iðkendur sýna á úrtöku æfingum fyrir úrvalshópa

Val í landslið er valið úr úrvalshóp og fer eftir innihaldi æfinga, frammistöðu iðkenda og stöðuleika sýnt á mótum og æfingamótum. Val í landslið fer fram af Landliðsþjálfara.

Landliðsæfingar eru haldnar sem undirbúningur fyrir iðkendur og þjálfara vegna landliðsverkefna. Á landliðsæfingar eru mikilvægur undirbúningur til að stilla lið af og greina hvernig er hægt að hámarka árangur liðs/iðkenda að hverju sinni.

Æfingabúðir voru haldar fyrir HM fara í Malasíu, 3 dagar af æfingum hugsað til að hámarka árangur á Heimsmeistarmóti sem fór fram í beinni fylgd við æfingabúðir.

**Helstu verkefni á árinu 2025:**

Heimsbikarmót WCC í Varna

UEG preparation event Online

Evrópumót í Leipzig

Smáþjóðaleikar í Andorra

Heimsbikarmót WCC í Tashkent

Heimabikarmót WCC í París

Heimsmeistaramót í Jakarta

Norður Evrópumót í Leicester

## **Samantekt árið 2025**

Opin æfing haldin í febrúar og valinn úrvalshópur í framhaldi af því Bikarmót, Íslandsmót og Vormót nýtt í val og undirbúin fyrir alþjóðleg mót

### **Heimsbikarmót í Varna** gekk vel.

Lilja Katrín Gunnarsdóttir tryggði sér sæti í úrslit á stökki og gólfi, meiddi sig svo í úrslitum á Stökki en og þurfti að draga sig úr keppni á gólfi.

Thelma Aðalsteinsdóttir komst í úrslit á slá og var svo fyrst inn í gólf úrslit, úrslitin gengu því miður ekki jafn vel og í undanúrslitum endaði í 6.sæti á slá og á gólfi.

**Evrópmót fór fram í Leipzig** þar sem Hildur Maja Guðmundsdóttir var eina konan sem keppti í fjölþraut og endaði í 42 sæti. Thelma Aðalsteinsdóttir keppti á Tvíslá. Lilja vegna meiðsla náði ekki að taka þátt á Evrópumóti

**Smáþjóðaleikar fóru fram í Andorra** og gekk frábærlega þar sem Íslenska kvenna liðið vann silfur medalíu, liðið skipaði; Kristjana Ósk Ólafsdóttir, Margrét Lea Kristinsdóttir, Nanna Guðmundsdóttir, Rakel Sara Pétursdóttir og Þóranna Sveinsdóttir.

Kristjana Ósk Ólafsdóttir átti bestan árangur Íslenskra kvenna í fjölþraut og hafnaði í 9. Sæti. Margrét Lea Kristinsdóttir keppti til úrslita á tvíslá og slá, þar sem hún tryggði sér brons á slá í úrslitum.

Nanna Guðmundsdóttir keppti til úrslita á gólfi, þar sem hún vann gull í úrslitum.

Rakel Sara Pétursdóttir keppti til úrslita á stökki, slá og gólfi. Lenti í 2. Sæti á stökki í úrslitum.

Þóranna Sveinsdóttir keppti til úrslita á tvíslá þar sem hún vann til gullverðlauna.

**Heimsbikarmót í Tashkent** gekk frábærlega þar sem Hildur Maja Guðmundsdóttir komst í úrslit á tvíslá og fyrst inn í gólf úrslit. Í úrslitum lenti í 8. Sæti á tvíslá, Hildur setti svo sögulegan árangur og var fyrst íslenskra kvenna til að vinna til medalíu á heimsbikarmóti og lenti í 2. Sæti á gólfi.

**Heimsbikarmót í París** fór fram mánuði fyrir Heimsmeistaramótið og nýttist vel en engin úrslit unnust þar.

**Heimsmeistaramót í Jakarta** byrjaði með æfingabúðum í Malasíu sem nýttist til að stilla liðið af fyrir mótið. Í undanúrslitum gerðu þær Hildur Maja Guðmundsdóttir, Lilja Katrín Gunnarsdóttir og Thelma Aðalsteinsdóttir fjölþraut þar sem Hildur Maja Guðmundsdóttir átti bestan árangur íslenskra kvenna og hafnaði í 45. Sæti.

**Norður Evrópumót í Leicester** Í liðakeppni skipaði liðið þær Hekla Hákonardóttir, Katla María Geirsdóttir, Kristjana Ósk Ólafsdóttir, Nanna Guðmundóttir, Rakel Sara Pétursdóttir og Þóranna Sveinsdóttir og höfnuðu þær í 5.sæti.

Efst íslenskra keppenda var hún Rakel Sara Pétursdóttir og endaði hún í 3. Sæti

Til úrslita kepptu

Þóranna Sveinsdóttir á tvíslá og hafnaði í 4.sæti

Rakel Sara Pétursdóttir keppti í úrslitum á stökki, slá þar sem hún var first inn í úrslit, og gólfi Á stökki lenti Rakel í 4. Sæti, á slá í 7. Sæti og á Gólfi vann hún til silfur verðlauna.

**Árið 2025** var öflugt ár fyrir áhaldafimleika kvenna. Evrópumót og Smáþjóðaleikar lentu á sama tíma og var því ekki hægt að senda sterkasta liðið á bæði mótin en tókst vel til að skipta upp hópnunum á þessi mót. Einnig lenti Heimsmeistarmót og Norður Evrópumót á sama tíma þar sem aftur þurfti að skipta landsliði niður á mótin og sem gekk frábærlega. Mikið af úrslitum á erlendum vettvangi þar sem Ísland sýnir að það á heima í keppni við þá sterkustu í heimi.

Meiðsli settu smá strik í reikninginn og náðist ekki að fara í öll eða ekki með fullskipuð lið í þau verkefni sem stemmt var að sem þarf að taka til skoðunar fyrir árið 2026.

#### **Útdráttur:**

Árið 2025 var heldur betur viðburðaríkt og framtíðin björt fyrir íslenska áhaldafimleika kvk. Daumurinn um fjölþrautarúrslit eiga enn eftir að vinnast en mörg úrslit á einstökum áhöldum á erlendum vettvangi sýnir það að það er möguleiki í nánni framtíð.

Það sem stendur upp úr á árinu eru úrslit á heimsbikarmótum og þá helst sögulegt silfur Hildar Maju Guðmundsdóttur á gólfi. Einnig velgengni Íslenska landsliðsins á Smáþjóðaleikum og Norður Evrópumóti þrátt fyrir að mótið lenti á sama tíma og önnur stór verkefni.

2025 er fyrsta árið í ólympíuhringnum og setur línuna fyrir komandi Ólympíuleika 2028 og þangað er stefnan sett og áhaldafimleikar kvk stendur ágætlega í þeirri vegferð.

Þorgeir Ívarsson, landliðsjálfari kvenna